

2020-2021

Umbótaáætlun Akurskóla



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Námsárangur	3
Þörf fyrir umbætur	3
Markmið	3
Áætlun um aðgerðir	3
Hvað hefur verið framkvæmt?	4
Mat á árangri	4
Umræður um umbótaþátt.....	4
Læsi.....	5
Þörf fyrir umbætur	5
Markmið	5
Áætlun um aðgerðir	5
Hvað hefur verið framkvæmt?	5
Mat á árangri	5
Umræður um umbótaþátt.....	5
Heilsueflandi grunnskóli	7
Þörf fyrir umbætur	7
Markmið	7
Áætlun um aðgerðir	7
Hvað hefur verið framkvæmt?	7
Mat á árangri	7
Umræður um umbótaþátt.....	8
Máttur mannauðsins	9
Þörf fyrir umbætur	9
Markmið	9
Áætlun um aðgerðir	9
Hvað hefur verið framkvæmt?	9
Mat á árangri	10
Umræður um umbótaþátt.....	10

Inngangur

Þetta skjal er umbótaáætlun Akurskóla og er áætlun um þær aðgerðir sem starfsfólk skólans ætlar að ráðast í á komandi mánuðum og árum til að gera gott skólastarf enn betra.

Mat á því hvaða umbætur er ráðist í byggir fyrst og fremst á sjálfsmatsskýrslu skólans fyrir árið 2018-19 en einnig sameiginlegum ákvörðunum um breyttar áherslur og/eða vinnulag alls skólasamfélagsins.

Sjálfsmatsskýrsla Akurskóla, umbótaáætlun, starfsáætlun skólans og skólanámskrár eru tengd skjöl. Sjálfsmatsskýrslan er rituð út frá niðurstöðum innra- og ytra mats á skólastarfinu. Fyrst og fremst er byggt á niðurstöðum formlegra athugana og kannana á ýmsum þáttum skólastarfsins sem reglubundið eru lagðar fyrir og ýmsum prófum og skimunum sem meta árangur nemenda.

Umbótaáætlunin er síðan viðbrögð við sjálfsmatsskýrslunni. Öll þessi skjöl eru hagnýt gögn sem taka breytingum frá ári til árs og halda utan um skólaþróunina.

Í Skólanámskrá og starfsáætlun skólans má finna þau markmið sem stefnt er að í skólastarfinu.

Köflunum um umbótaþættina er skipt upp í sex kafla.

1. Þörf fyrir umbætur sem greinir frá ástæðum þess að ráðist er í umbætur á þessum þætti skólastarfsins.
2. Markmið sem greinir frá að hverju er stefnt.
3. Áætlun um aðgerðir greinir frá því hvað skólinn ætlar að gera til að ná settum markmiðum.
4. Hvað hefur verið framkvæmt greinir frá því hvað hefur verið framkvæmt síðast liðin misseri og skiptir máli með framhaldið.
5. Mat á árangri greinir frá hvernig á að meta árangur.
6. Umræður um umbótaþátt fjallar almennt um umbótaþáttinn og þá umræðu sem hefur farið fram innan skólans um hann bæði í tengslum við sjálfsmatið og vinnslu umbótaáætlunar.

Námsárangur

Ábyrgðaraðilar: Stjórnendur og kennarar

Þörf fyrir umbætur

Á undanförunum árum hafa nemendur ekki sýnt þann námsárangur sem viðmið hafa verið sett um. Árangur á samræmdum prófum hefur verið undir landsmeðaltali og niðurstöður skimana í lestri og stærðfræði hafa ekki verið ásættanlegar. Þá hefur komið fram mikill vilji starfsmanna um að bæta þennan þátt og gera meiri kröfur til nemenda.

Markmið

- Að nemendur Akurskóla verði á landsmeðaltali í öllum greinum á samræmdum prófum í 4., 7. og 9. bekk.
- Að fjölga nemendum sem fá B+ og A á samræmdum prófum.
- Að 15% nemenda sýni meiri framfarir en almennt gerist á milli samræmdra prófa í 7. og 9. bekk.
- Að 70% nemenda nái yfir 70% rétt í Talnalykli í 3. og 6. bekk.
- Að nemendur Akurskóla nái lesfimiviðmiðum Menntamálastofnunar.

Áætlun um aðgerðir

Hvað	Ábyrgðaraðili	Lokið
Endurmenntun	Stjórnendur	Endurmenntun allt skólaárið bæði á vegum skólans og Fræðsluskrifstofu.
Foreldrafundur á samtalsdegi	Umsjónarkennarar	Þrisvar yfir skólaárið og í kjölfarið af Logoskimunum og Talnalykli.
Hópastærðir	Stjórnendur	Huga betur að hópastærðum og setja inn þrjá til fjóra kennara þar sem það á við.
Fjölbreyttar kennsluaðferðir	Kennarar	Hafðar að leiðarljósi í skólastarfinu. Fræðsla á skólaárinu.
Stoðþjónusta efld	Stjórnendur og kennarar	Námsver á unglingsstigi, verkefnastjóri læsis.
Teymi vegna nemenda	Deildastjórar, verkefnastjóri stoðþjónustu og námsráðgjafi	Þverfagleg teymi stofnuð utan um nemendur með sérþarfir. Teymin hittast reglulega og sjá til þess að þörfum nemenda sé mætt.
Áhersla á að sinna bráðgerum nemendum	Kennarar	Stjórnendur funda með teyimum og kanna hvernig komið er til móts við bráðgera nemendur.

Hvað hefur verið framkvæmt?

Undanfarin ár hefur verið mikil umræða á starfsmannafundum og deildafundum um námsárangur nemenda í Akurskóla. Þá hafa stjórnendur staðið fyrir fjölmörgum námskeiðum og fræðsluerindum um nám og kennsluhætti. Kennarar hafa verið duglegir að sinna endurmenntun. Kennarar hafa sett fram umbótaáætlanir í kjölfar skimana fyrir hvern árgang. Umsjónarkennarar hafa farið yfir niðurstöður skimana á samskiptadögum. Þar er farið yfir hvernig viðkomandi nemandi stóð, hvað skólinn þarf að gera og hvað heimili þarf að gera. Breytingar á unglíngastigi eru skref í rétta átt en þar hefur rýmum verið lokað og settar á vinnustundir fyrir nemendur. Skipulagi stundatöflu hefur líka verið breytt og nemendur í 7. – 10. bekk eru nú með klukkutíma kennslustundir í stað 40 mínútna.

Mat á árangri

Niðurstöður skimana og prófa skoðaðar um leið og þær liggja fyrir. Niðurstöður birtar í sjálfsmatsskýrslu vorið 2021 þar sem metið er hvort viðmið hafi náðst. Þessi þáttur hefur verið áhersluþáttur síðastliðin tvö skólaár og hafa borið árangur. Ánægjuleg þróun hefur átt sér stað á samræmdum prófum milli ára. Nánar er hægt að lesa um árangur í sjálfsmatsskýrslu sem gefin var út vorið 2020.

Umræður um umbótaþátt

Mikilvægt er að kennarar nýti sér niðurstöður samræmdra prófa og skimana sem lagðar eru fyrir nemendur.

- Skimanirnar gefa kennurum mjög góða og skýra mynd af stöðunni og því mikilvægt að setja upp áætlun og fá foreldra með í lið til að bæta árangur og vinna með þá þætti sem þarfnast lagfæringa.
- Samræma þarf vinnu út frá niðurstöðum skimana. Að gengið sé að ákveðnum verkefnum sem unnin eru í skóla og heima.
- Að leitað sé eftir aðstoð hjá verkefnastjóra stoðþjónustu og jafnvel kennsluráðgjafa.
- Samstarf kennara að leiðum og lausnum.
- Fylgja þarf eftir áætlunum og skipulagi.
- Fylgja þarf eftir þeirri vinnu sem við felum heimili.
- Auka skapandi skólastarf á öllum stigum.

Læsi

Ábyrgðaraðilar: Stjórnendur og verkefnastjóri læsis ásamt leiðtoga í byrjendalæsi

Þörf fyrir umbætur

Undanfarin ár hafa lesfimi niðurstöður Akurskóla verið undir þeim viðmiðum sem Menntamálastofnun setur. Bæði hafa of margir nemendur ekki náð lágmarksviðmiðum og einnig vantar okkur að efla enn frekar þá nemendur sem skara fram úr.

Markmið

- Að efla byrjendalæsiskennslu
- Að nemendur Akurskóla nái lesfimiviðmiðum Menntamálastofnunnar
- Að auka áhuga nemenda á lestri

Áætlun um aðgerðir

Hvað	Ábyrgðaraðili	Lokið
Endurmenntun kennara	Stjórnendur	Allt skólaárið í gangi
Áhugahvetjandi lestrarverkefni	Verkefnastjóri læsis	Allt skólaárið í gangi
Mennta nýjan leiðtoga í Byrjendalæsi	Leiðtogi Byrjendalæsis	Desember 2021
Byrjendalæsisvinnufundir með umsjónarkennurum	Leiðtogi Byrjendalæsis	Sept. og nóv. 2020, feb. og ap. 2021
Ut anumhald og eftirfylgni Byrjendalæsis	Leiðtogi Byrjendalæsis	Allt skólaárið
PALS lestraraðferð	Verkefnastjóri læsis	Allt skólaárið í gangi
Rýni í niðurstöður lesfimiþrófa	Verkefnastjóri læsis	Sept. 2020, janúar 2021 og maí 2021
Eftirfylgni í kjölfar lesfimiþrófa	Verkefnastjóri læsis	Sept 2020 og janúar 2021

Hvað hefur verið framkvæmt?

Frá haustinu 2020 hefur verið einstaklingsmiðuð eftirfylgni eftir að niðurstöður lesfimiþrófa liggja fyrir. Umsjónakennarar ásamt verkefnastjóra læsis rýnt í niðurstöður og ákveðið næstu skref fyrir hvern og einn. Unnið hefur verið að því að auka áhuga nemenda á lestri til dæmis með ýmiskonar lestrarverkefnum með það að markmiði að gera lestur að eftirsóknarverðum hluta af hverjum degi. Menntun nýs leiðtoga í Byrjendalæsi hófst haustið 2020 og starfar hann samhliða námi sem leiðtogi. Hann mun stýra vinnufundum með kennurum yngsta stigs þar sem unnið verður með markmiðssetningu í kennsluáætlunum, gagnvirkan lestur, fjölbreyttar aðferðir í læsiskennslu og enduruppbyggingu vikulegs gæðatexta í formi ritunar. Sem og ut anumhald og eftirfylgni Byrjendalæsis í skólanum.

Mat á árangri

Niðurstöður skimana og prófa skoðaðar um leið og þær liggja fyrir. Niðurstöður birtar í sjálfsmatskýrslu vorið 2021 þar sem metið er hvort viðmið hafi náðst.

Umræður um umbótarátt

Akurskóli er Byrjendalæsis skóli og með enn frekara ut anumhaldi og eftirfylgni teljum við að hægt sé að styrkja grunnstoðir læsis enn frekar og náð ásættanlegum árangri. Lesfimiþrófin frá

Menntamálastofnun eru mjög góð tæki til að fylgjast með framförum nemenda í lestri. Sjálfsagt er að fylgja þeim viðmiðum sem sett hafa verið fram. Niðurstöður prófanna gefa góða og skýra mynd af stöðunni og einfalda kennurum að hjálpa nemendum að bæta sig.

Heilsueflandi grunnskóli

Ábyrgðaraðilar: Stjórnendur, leiðtogi og teymi

Pörf fyrir umbætur

Menntun er mikilvæg fyrir heilbrigði og velferð en líkamlegt, andlegt og félagslegt heilbrigði er sérlega mikilvæg forsenda fyrir námi og góðum námsárangri. Heilbrigði og velferð er einn af sex grunnþáttum í Aðalnámskrá grunnskólanna. Það ætti því að vera skólum í landinu til mikils hagræðis að taka þátt í verkefninu Heilsueflandi skóli þar sem það hjálpar viðkomandi skólum að uppfylla einn af grunnþáttum Aðalnámskrár.

Markmið

- Að stuðla að góðri heilsu og líðan nemenda og starfsfólks skólans.
- Að setja fram heildræna stefnu um heilsueflandi skólastarf.
- Að vinna í anda heilsueflandi grunnskóla þar sem lykilþættirnir, nemendur, nærsamfélag, hreyfing og öryggi, mataræði og tannheilsa, heimili, geðrækt, lífsleikni og starfsfólk tengjast skólastarfinu á markvissan hátt.
- Að bættum námsárangri nemenda.

Áætlun um aðgerðir

Hvað	Ábyrgðaraðili	Lokið
Innleiðing	Teymi	Haust 2021
Myndun stefnu og framtíðarsýn skólans	Teymi	Vor 2020
Grunnlína dregin	Teymi	Haust 2021
Mótun aðgerða næsta skólaárs	Teymi	Haust 2021

Hvað hefur verið framkvæmt?

Innleiðing heilsueflandi grunnskóla er á byrjunarstigi. En það er margt sem skólinn er nú þegar búin að koma í fulla framkvæmt sem tengist því að vera heilsueflandi grunnskóli. Þegar grunnlína verður dregin sést hvað skólinn hefur nú þegar komið í framkvæmt og hvar er nauðsynlegt fyrir umbætur.

Mat á árangri

Niðurstöður úr göngum í skólann, Ólympíuhlaupi ÍSÍ, þátttöku nemenda í mataráskrift, þátttaka starfsfólks í lífshlaupinu og niðurstöður úr skólalápinum.

Umræður um umbótaþátt

Þátttöku í Heilsueflandi grunnskóla er ætlað að styðja skóla í að vinna markvisst að heilsueflingu í sínu starfi. Í því felst að skapa skólaumhverfi sem stuðlar að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu og vellíðan nemenda og starfsfólk.

Máttur mannauðsins

Ábyrgðaraðilar: Stjórnendur

Þörf fyrir umbætur

Síðustu misseri hafa forföll vegna kulnunar í starfi aukist. Andlegur aðbúnaður á vinnustað skiptir miklu máli og vinnuumhverfi verður líka að taka til sálrænna þátta. Kennarar segjast vera undir meira álagi en áður og starfið mjög krefjandi. Velliðan í vinnu er lykilatriði svo að kennarar geti sinnt vinnu sinni af fagmennsku og kennt nemendum, sinnt tilfinningalegum þörfum þeirra og skilað góðum einstaklingum út í þjóðfélagið. Eitt af aðaláherslum skólans er velliðan á vinnustað. Við höfum í mörg ár tekið þátt í Lífshlaupinu og finnum hvað það hefur góð áhrif á andann í skólanum. Þá hefur Reykjanesbær tekið upp samræmda skráningu á skammtímafjarvistum, Bradford-kvarðann, og höfum við séð jákvæða þróun við notkun þess. Þá höfum við nú betri tæki til að fylgjast með fjarvistum starfsmanna.

Markmið

- Kenna og leiðbeina kennurum að takast á við streitu og álag í starfi á réttan hátt.
- Byggja upp sterkt samfélag í skólanum sem hjálpast að við erfið mál.
- Koma á fót lausnateymi í skólanum.
- Styrkja fjölbreytta kennsluhætti og teymiskennslu sem eykur samábyrgð og samvinnu og dregur úr álagi og einangrun í starfi.

Áætlun um aðgerðir

Hvað	Ábyrgðaraðili	Hvenær unnið/Lokið
Fjölmarginir fyrirlestrar yfir skólaárið	Stjórnendur	Allt skólaárið
Hugað að bundinni viðveru á viðsjárverðum tímum	Stjórnendur	Allt skólaárið
Taka upp rafræna fundi þegar við á	Stjórnendur	Allt skólaárið
Taka þátt í Lífshlaupinu	Stjórnendur og StAkur	Febrúar
Taka regluleg viðtöl við starfsmenn vegna fjarvista	Stjórnendur	Þrisvar á ári

Hvað hefur verið framkvæmt?

- Höfum tekið þátt í Lífshlaupinu í mörg ár.
- Höfum boðið upp á fyrirlestra um velliðan í vinnu.
- Höfum minnkað bundna viðveru um klukkutíma á viku og hætt henni alveg vegna Covid vorið 2020.
- Hresst upp á starfsanda með litlum gjöfum og veitingum á kaffistofu.

Mat á árangri

- Fylgst verður með fjarvistun starfsmanna.
- Vinnustaðgreining á vegum Reykjaneshæjar.
- Starfsmannasamtöl í febrúar.
- Kennslurýni með nýjum hætti að hausti.

Umræður um umbótaþátt

- Velliðan á vinnustað skiptir miklu máli og dregur úr fjarvistum.
- Fleiri verkfæri í kennslu eykur sjálfstraust kennara.
- Gott að hafa mörg verkfæri til að takast á við streitu og álag.